



25. mars 2010

Ávarp

Láru V. Júlíusdóttur formanns bankaráðs á ársfundi Seðlabanka Íslands
25. mars 2010

Hæstvirtur forsætisráðherra, ráðherrar, bankastjóri, sendiherrar
erlendra ríkja og aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd bankaráðs Seðlabanka Íslands býð ég ykkur velkomin til
þessa fertugasta og níunda ársfundar bankans og segi fundinn settan.

Á fundi bankaráðs fyrr í dag staðfesti efnahags- og viðskiptaráðherra
ársreikning bankans fyrir árið 2009 með áritun sinni. Ársskýrsla
bankans fyrir árið 2009 er gefin út í dag og liggur frammi í lok
fundarins.

Árið 2009 var ár mikilla sviptinga hjá Seðlabanka Íslands, ekki síður
en árið 2008.

Lög um breytingar á lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands vou
sett hinn 26. febrúar 2009 og fólu í sér að í stað bankastjórnar sem var
skipuð þremur bankastjórum verður einn seðlabankastjóri og einn
aðstoðarseðlabankastjóri. Bankastjórn Seðlabanka Íslands skipuðu í
upphafi árs þeir Davíð Oddsson formaður, Eiríkur Guðnason og
Ingimundur Friðriksson. Ingimundur lét af störfum 9. febrúar 2009 en
Davíð Oddsson og Eiríkur Guðnason létu af störfum sem
seðlabankastjórar við samþykkt laganna 26. febrúar. Í kjölfarið ákvað
forsætisráðherra að setja Norðmanninn Svein Harald Øygard
tímabundið í embætti seðlabankastjóra og Arnór Sighvatsson,
aðalhafgræðing Seðlabankans í embætti aðstoðarseðlabankastjóra uns
þær stöður hefðu verið auglýstar. Már Guðmundsson var ráðinn í
embætti seðlabankastjóra til fimm ára frá og með 20. ágúst 2009 og
Arnór Sighvatsson í embætti aðstoðarseðlabankastjóra til fjögurra ár
frá og með 1. júlí 2009.

Breytingar á lögum um Seðlabankann höfðu einnig í för með sér
breytta starfshætti hvað varðar vaxtaákvæðanir bankans.
Peningastefnunefnd tók til starfa og er það hlutverk hennar samkvæmt
lögnum að taka ákvæðanir um beitingu stjórnækja bankans í
peningamálum. Upphaflega voru skipuð í peningastefnunefnd þau
Svein Harald Øygard, seðlabankastjóri, Arnór Sighvatsson,
aðstoðarseðlabankastjóri, Þórarinn G. Pétursson, aðalhafgræðingur,
Anne Sibert, prófessor við Birkbeck háskólann í Lundúnum og Gylfi
Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands. Már Guðmundsson tók síðan

sæti í nefndinni er hann tók við starfi seðlabankastjóra af Sveini Harald í ágúst.

Margvísleg starfsemi rúmast nú innan veggja Seðlabankans sem hefur ekki verið starfrækt þar um langt skeið og er bein afleiðing af hruni íslensku bankanna haustið 2008. Á haustmánuðum 2009 var ákveðið að efla starfsemi gjaldeyriseftirlits innan bankans og er gjaldeyriseftirlit nú sjálfstæð eining sem heyrir beint undir bankastjóra. Meginverkefni gjaldeyriseftirlitsins á árinu hafa verið almennt eftirlit með gjaldeyrishöftum, skoðun sérstakra brota á lögum og reglum um gjaldeyrismál og afgreiðsla undanþágubeiðna. Gjaldyriseftirlit var þáttur í starfsemi Seðlabankans um árabíl en deildin var lögð af er síðasti starfsmaður hennar hætti störfum í árslok 1999.

Í bankahrununu gerðist það einnig að umtalsverðar kröfur á innlend fjármálafyrirtæki sem tryggðar eru með veðum af ýmsum toga féllu í skaut Seðlabankans. Hluti þessara krafna var færður til ríkissjóðs en Seðlabankinn veitti ríkissjóði ráðgjöf um meðferð þeirra. Árið 2009 fór að mestum hluta í að undirbúa kröfulýsingar í þrotabú fjármálafyrirtækja en hin eiginlega eignausýsla hefur nú tekið við. Í lok árs var tekin sú ákvörðun að flytja þessar eignir í sérstakt dótturfélag Seðlabankans sem ber heitið Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. eða ESÍ. Á sama tíma var stofnað annað dótturfélag, Sölvhóll ehf., sem er rekstrarfélag og er eina hlutverk þess að hámarka virði þeirra eigna sem eru í eignarhaldsfélaginu og koma þeim í verð. Það verður gert þegar markaðsaðstæður leyfa og með samþykki stjórnar eignarhaldsfélagsins. Í lok síðasta árs námu bókfærðar eignir ESÍ 491 milljarði króna.

Eins og kunnugt er hefur endurreisn fjármálakerfisins staðið yfir allt síðasta ár og er senn séð fyrir endann á því verkefni. Seðlabanki Íslands hefur tekið virkan þátt í því starfi. Þess ber einnig að geta að Seðlabankinn hefur ennþá með höndum ákveðinn hluta greiðslumiðlunar við útlönd, en stefnir markvisst að því að ljúka því hlutverki.

Seðlabankinn hefur átt viðamikil samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á árinu í tengslum við efnahagsáætlun sjóðsins og íslenskra stjórnvalda. Þar má nefna að á síðasta ári komu alls tólf sendinefndir hingað til lands. Samstarf bankans við sérfræðinga sjóðsins hefur verið farsælt og mikill akkur í því fyrir Seðlabankann að geta leitað til sjóðsins á hinum ýmsu sviðum.

Árið 2009 var ár mikilla breytinga í bankaráði Seðlabanka Íslands og var tvívegis kosið í nýtt bankaráð á árinu. Jón Sigurðsson, varaformaður bankaráðs óskaði eftir lausn úr ráðinu 26. janúar og 19. febrúar óskaði Valgerður Bjarnadóttir eftir lausn úr bankaráði. Nýtt bankaráð Seðlabanka Íslands var kosið á Alþingi 16. mars og voru

aðalmenn í ráðinu kjörin Lára V. Júlíusdóttir, Ágúst Einarsson, Friðrik Már Baldursson, Katrín Olga Jóhannesdóttir, Jónas Hallgrímsson, Ragnar Árnason og Ragnar Arnalds.

Bankaráð var kosið að nýju eftir alþingiskosningar 11. ágúst og voru þá kjörin aðalmenn Lára V. Júlíusdóttir, Ágúst Einarsson, Hildur Traustadóttir, Katrín Olga Jóhannesdóttir, Magnús Árni Skúlason, Ragnar Árnason og Ragnar Arnalds. Magnús Árni Skúlason óskaði eftir lausn úr bankaráði Seðlabankans 12. september og var Daníel Gros kjörinn í hans stað 15. október. Hinn 15. desember var Björn Herbert Guðbjörnsson kjörinn í bankaráð í stað Ágústar Einarssonar, sem baðst lausnar úr ráðinu.

Víkjum þá að ársreikningi bankans fyrir árið 2009, sem að þessu sinni er samstæðureikningur vegna þeirra dótturfélaga sem bættust við á árinu, þ.e. Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. og Sölvhóll ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 500 milljónum króna. Á árinu 2008 varð hins vegar tæplega 184 milljarða króna tap á rekstri bankans fyrir endurheimtur frá ríkissjóði sem endurreistu eigið fé bankans. Þær endurheimtur námu 175 milljörðum króna og að teknu tilliti til þeirra varð endanlegt tap bankans 8,6 milljarðar króna.

Þróun gengis krónunnar hefur áhrif á rekstur bankans vegna erlendra eigna sem jafnan eru meiri en gengisbundnar skuldir. Þessi áhrif voru óvenju sterk árið 2008, en þá varð gengishagnaður nær 44 milljarðar króna vegna gengislækkunar krónunnar. Árið 2009 veiktist krónan aðeins lítillega, eða um 7% frá ársbyrjun til ársloka, og nam gengishagnaður ársins um 3 milljörðum króna. Að slepptum gengismun varð 2,5 milljarða króna tap af rekstri Seðlabankans á árinu.

Hreinar vaxtatekjur lækkuðu um rúmlega 4 milljarða króna, sem má að stórum hluta rekja til lækkunar hreinna vaxtatekna af gjaldeyrisforða þar sem erlendir vextir af bankainnstæðum og verðbréfum hafa lækkað milli ára. Aðrar rekstrartekjur bankans hækka um rúman milljarð króna vegna verðendurmats á gulli. Rekstrargjöld lækkuðu milli ára, sem einkum skýrist af óvenju miklum kostnaði við sérfræðiráðgjöf vegna bankahrunsins á árinu 2008. Launakostnaður hækkaði um 9,7% á árinu sem skýrist meðal annars af fjölgun starfsmanna.

Heildareignastaða bankans lækkaði lítillega á árinu en stendur þó enn í tæplega 1.200 milljörðum króna líkt og í árslok 2008.

Í árslok 2009 námu erlendar eignir bankans um 41% af heildareignum. Í lok ársins á undan námu erlendar eignir bankans 47% af heildareignum.

Erlendar eignir í gjaldeyrisforða hækkuðu á árinu um 56 milljarða króna. Raunaukning forðans var fjármögnuð með lántökum, annars vegar með láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem nam 20,8 milljörðum króna og hins vegar láni frá Norðurlöndunum sem nam samtals 54,8 milljörðum króna. Erlendar skuldir lækkuðu á móti um 38 milljarða króna og skýrist sú lækkun aðallega af uppgreiðslu skiptasamninga við seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar sem námu 100 milljónum evra frá hverjum banka. Erlendar skuldir bankans voru 241 milljarður kr. í árslok 2008 en nema nú 204 milljörðum kr.

Við bankahrunið voru þau lán bankans gegn veði sem tryggð voru með bankabréfum í uppnámi. Bankinn hafði lánað gegn veðum sem reyndust ótrygg þrátt fyrir að hafa verið metin traust þegar lánin voru veitt. Samkomulag varð um að ríkissjóður keypti stóran hluta af veðlánastöðu bankans þegar bankahrunið dundi yfir. Veðlán að nafnverði 345 milljarðar króna voru keypt af bankanum í árslok 2008 og nam kaupverðið 270 milljörðum króna sem greitt var með verðtryggðu vaxtaberandi skuldabréfi. Á árinu 2009 voru tekjufærðir vextir og verðbætur vegna skuldabréfsins um 36 milljarðar króna.

Í árslok 2009 var ákveðið að Seðlabankinn skyldi kaupa umræddar eignir til baka auk útistandandi krafna sem stofnast höfðu vegna verðbréfalána Endurlána ríkisins og selja síðan sérstöku dótturfélagi í eigu bankans, Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. Seðlabankinn greiddi 134 milljarða króna fyrir þessar eignir og stendur skuldabréfið í 161 milljarði króna í árslok.

Loks hækkuðu innstæður ríkissjóðs hjá bankanum úr 403 milljörðum kr. í árslok 2008 í 446 milljarða kr. í árslok 2009. Þar munar mestu um gjaldeyrisreikninga ríkissjóðs hjá bankanum sem hækkuðu um 46,8 ma.kr. Þessi hækkun skýrist af nýjum lántökum frá norrænum seðlabönkum í lok árs 2009.

Eigið fé bankans nam 82,8 milljörðum kr. í árslok 2008 en var 82,3 milljarðar kr. í lok ársins á undan. Munurinn skýrist af hagnaði ársins.

Ágætu fundargestir.

Árið 2009 hefur verið viðburðarríkt og krefjandi fyrir bankann. Starfsemi bankans hefur markast af því að greiða úr þeim vandamálum sem hrun bankanna hafði í för með sér. Þótt leiðin hafi verið grýtt hefur miðað nokkuð vel. Ýmis verkefni bíða lausnar, en þó virðist vera í sjónmáli að starfsemi bankans komist í eðlilegt horf á ný. Að lokum vil ég fyrir hönd bankaráðs nota þetta tækifæri til að koma á framfæri þakklæti til allra starfsmanna Seðlabankans fyrir vel unnin störf á árinu, en þeir hafa lagt á sig mikið starf allt þetta tímabil og oft unnið myrkranna á milli við þær óvenjulegu aðstæður sem verið hafa. Ég vil líka þakka bankaráði fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Ég vil því næst bjóða seðlabankastjóra, Mía Guðmundssyni, að taka til máls.